

Leiðbeiningar um verklag við nýtingu persónuafsláttar

Launamaður og launagreiðandi bera, skv. reglugerð 535/2016, um persónuafslátt, sameiginlega ábyrgð á ráðstöfun persónuafsláttar. Komi til ofnýtingar hans er það launamannsins að greiða mismuninn og getur það komið mörgum illa.

Markvisst er unnið að því að stöðva ofnýtingu persónuafsláttar um leið og hún kemur fram í staðgreiðsluskilum. Geta launagreiðendur átt von á því að þurfa að stöðva nýtingu eða gera aðrar ráðstafanir vegna ofnýtt persónuafsláttar viðkomandi starfsmanns innan staðgreiðsluársins.

Tilgangur þessara leiðbeininga er að árétta og skerpa á góðu verklagi við nýtingu persónuafsláttar í staðgreiðslu.

Hvernig skal nýta persónuafslátt

Þegar hefja á launagreiðslur til nýs launamanns er mikilvægt að fá upplýsingar frá viðkomandi um eftirfarandi:

- Hvort nýta eigi persónuafslátt
- Frá og með hvaða mánuði
- Upplýsingar um uppsafnaðan persónuafslátt (ef við á)
- Hvaða skattþrep skal nota

Mikilvægt er að launagreiðandi nýti ekki persónuafslátt nema launamaður óski þess og kalla eftir upplýsingum um frá og með hvaða mánuði eigi að nýta. Launamaður kann að vera með aðrar reglulegar greiðslur þar sem nýttur er persónuafsláttur eða eiga inni greiðslur frá fyrri launagreiðanda.

Afdráttur staðgreiðslu í réttu skattþrepi getur komið í veg fyrir að launamaður lendi í skuld við álagningu þegar tekjuárið er gert upp. Því er rétt hjá launagreiðanda að fá staðfest hjá launamanni við upphaf greiðslna í hvaða skattþrepi afdráttur staðgreiðslu skal vera.

Eigi launamaður uppsafnaðan persónuafslátt eða vill nýta persónuafslátt maka upplýsir hann launagreiðanda einnig um það. Launagreiðandi getur óskað eftir staðfestingu á hvoru tveggja af þjónustusíðu launamanns.

Flutningur til/frá landinu og erlendir starfsmenn

Almennt eiga erlendir ríkisborgarar sem starfa hér á landi rétt á persónuafslætti frá komudegi til landsins. Sama á við um íslenska ríkisborgara sem flytja til landsins. Sé um að ræða tímabundna dvöl hér á landi reiknast persónuafsláttur aðeins fyrir þann tíma sem dvalið var hérlandis. Fyrsta dvalarmánuðinn er mögulegt að viðkomandi eigi ekki rétt á fullum persónuafslætti. Þetta getur átt við ef viðkomandi hefur ekki dvalið á landinu allan mánuðinn og hið sama á við um síðasta mánuðinn hafi launamaður farið/flutt af landi brott.

Dæmi:

Til landsins kemur starfsmaður 15. maí, starfar hér allt sumarið og heldur til heimalandsins þann 20. september. Við ákvörðun persónuafsláttar í staðgreiðslu fyrir maí og september þarf finna út hversu marga daga viðkomandi dvaldi á landinu. Liggi upplýsingar ekki fyrir er ráðlegt að nota eigi meiri persónuafslátt en nemur fjölda vinnudaga hjá launagreiðanda.

Þegar reikna á persónuafslátt fyrir fjölda daga þarf að deila heildarpersónuafslætti ársins með dagafjölda (365 eða 366 þegar er hlaupár) til að finna fjárhæð persónuafsláttar hvers dags. Sú fjárhæð er svo margfölduð með fjölda dvalardaga sem um ræðir.

Sé um að ræða endurkomu starfsmanns sem dvalið hefur erlendis frá fyrri starfslokum má ekki nýta uppsafnaðan persónuafslátt frá áramótum. Rétt er að gera ráðstafanir í launakerfi við starfslok til að koma í veg fyrir uppsöfnun.

Athygli er vakin á því að erlendir ríkisborgarar frá ríkjum utan EES kunna að þurfa dvalar- og atvinnuleyfi til að þeim sé heimilt að starfa hér á landi.

Persónuafsláttur eftir fæðingarorlof og/eða leyfi

Eftir að launamaður kemur aftur til starfa eftir leyfi, s.s. fæðingarorlof, ber launagreiðanda að spyrja um stöðu persónuafsláttar. Ekki er heimilt að nýta uppsafnaðan persónuafslátt á meðan á leyfi stóð nema staðfest sé að hann hafi ekki verið nýttur á meðan af öðrum launagreiðanda.

Gott er að gera viðeigandi ráðstafanir í launakerfi til að stöðva uppsöfnun persónuafsláttar á meðan á leyfi stendur.

Dæmi:

Starfsmaður fer í fjóra mánuði í fæðingarorlof og fær enga greiðslu frá launagreiðanda á meðan. Launagreiðandi passar upp á að launakerfi safni ekki upp persónuafslætti á meðan. Við endurkomu er starfsmaður spurður hvort og frá og með hvaða mánuði megi byrja að nýta persónuafslátt á nýjan leik.

Frekari upplýsingar um persónuafslátt, sérsniðnar að launagreiðendum, má finna á vef skattsins <https://www.rsk.is/atvinnurekstur/stadgreiðsla-og-reiknad-endurgjald/>